

# RÍKISSAKSÓKNARI

Dómsmálaráðherra

Sent með Signet transfer til dómsmálaráðuneytisins 29. júlí 2024

Reykjavík, 29. júlí 2024

Tilvísun: 202207-0272 og -0278

## Efni: Máli vararíkissaksóknara vísað til dómsmálráðherra, sbr. 26. gr. laga nr. 70/1996

Með vísan til meðf. bréfs ríkissaksóknara til Helga Magnúsar Gunnarssonar vararíkissaksóknara dags. í dag og áminningarbréfs ríkissaksóknara til vararíkissaksóknara dags. 25. ágúst 2022, leyfir ríkissaksóknari sér að vísa máli vararíkissaksóknara til meðferðar dómsmálaráðherra sem er stjórnvaldið sem skipaði Helga Magnús Gunnarsson í embætti vararíkissaksóknara og veitir lausn frá því embætti um stundarsakir skv. 26. gr. laga nr. 70/1996, telji ráðherrann efni til þess.

Með áminningarbréfinu var Helga Magnúsi gefinn kostur á að bæta ráð sitt með því að ítreka ekki ávirðingar/háttsemi af því tagi sem lýst var í bréfinu ellegar kynni það að leiða til þess að honum yrði veitt lausn frá embætti sbr. VI. kafla laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

Að mati ríkissaksóknara hefur Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari ekki bætt ráð sitt í kjölfar áminningarinnar. Þvert á móti hefur hann enn og aftur með tjáningu sinni, ummælum og orðfæri í opinberri umræðu, í þetta sinn á Facebook og fréttamiðlunum Vísir.is og mbl.is sýnt af sér háttsemi sem er ósæmileg og ósamrýmanleg starfi hans sem vararíkissaksóknari, en líta verður svo á að Helgi Magnús hafi þar verið að tjá sig í starfi sínu sem vararíkissaksóknari.

Bréfi þessu fylgja útprentanir af vefmiðlum með þeim ummælum Helga Magnúsar sem gerð er grein fyrir í brefi ríkissaksóknara til vararíkissaksóknara og leiða til þess að ríkissaksóknari telur að háttsemi hans sem vararíkissaksóknari hafi verið ósæmileg og ósamrýmanleg starfi hans og að sú háttsemi hafi varpað rýrð á störf hans sem vararíkissaksóknari, á embætti ríkissaksóknara og ákærvaldið almennt, sbr. 14. og 21. gr. laga nr. 70/1996.

Að mati ríkissaksóknara eru þær ávirðingar sem lýst er í áminningarbréfinu og bréfinu sem Helga Magnúsi Gunnarssyni var sent í dag þess eðlis að efast má um að hann sé þess verður að gegna starfi vararíkissaksóknara.



Sigríður J. Friðjónsdóttir  
ríkissaksóknari



*Meðfylgjandi:*

1. Tilkynning ríkissaksóknara til Helga Magnúsar Gunnarssonar vararíkissaksóknara um mögulega áminningu dags. 2. ágúst 2022
2. Andmælabréf Helga Magnúsar Gunnarssonar til ríkissaksóknara dags. 21. ágúst 2022
3. Áminningarbréf ríkissaksóknara til Helga Magnúsar Gunnarssonar dags. 25. ágúst 2022
4. Útprentun úr fjölmáldum 10. mars, 16., 19., og 20. júlí 2024 með ummælum Helga Magnúsar Gunnarssonar
5. Bréf samtakanna Solaris til ríkissaksóknara dags. 24. þ.m.
6. Bréf tveggja lögmannna til ríkissaksóknara f.h. Mariú Lilju Ingveldar-Þrastardóttur-Kemp og Semu Erlu Serdaroglu dags. 26. þ.m.
7. Bréf ríkissaksóknara til Helga Magnúsar Gunnarssonar dags. í dag

*Afrit:*

*Helgi Magnús Gunnarsson vararíkissaksóknari  
Sent með tölvupósti á netfangið [hmg@saksoknari.is](mailto:hmg@saksoknari.is) 29. júlí 2024*